



Mynd: Halldóra Jóna Guðmundsdóttir.

Pétur G. Markan ráðinn bæjarstjóri í Hveragerðisbæ

Pétur G. Markan hefur verið ráðinn sem bæjarstjóri í Hveragerðisbæ. Tillaga þess efnis var samþykkt með fimm atkvæðum meirihluta Framsóknar og lista Okkar Hveragerðis á bæjarstjórnarfundi í dag. Fulltrúar minnihlutans í D-listanum sátu hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Pétur hefur sinnt embætti biskupsritara og stýrt samskiptamálum kirkjunnar og verið sem slíkur hluti af yfirstjórn Þjóðkirkjunnar. Þar á undan var Pétur sveitarstjóri Súðavíkurbrepps og leiddi hagsmunabaráttu sveitarfélaga á svæðinu sem formaður fjórðungssambands Vestfjarða og formaður Vestfjarðarstofu.

Pétur er kvæntur sr. Margræti Lilju Vilmundardóttur og þau eiga þrjú börn; Hörð Markús, Sigrúnu Ísabellu og Úu Maríu.

„Framundan eru mikilvæg

uppbyggingarverkefni sem öll eiga þann söng að efla velferð og þjónustu við íbúana og þau þarf að klára. Erindi okkar, sem að sveitarfélaginu standa, er að leiða kröftuglega, af fagmennsku og ábyrgð, framsækid sveitarfélag í vexti. Fulla ferð!“ segir Pétur, sem tekur við starfi bæjarstjóra þann 1. maí næstkomandi.

„Það er gríðarlegur fengur fyrir okkur að fá Pétur sem bæjarstjóra í Hveragerðisbæ enda býr hann yfir dýrmætri reynslu frá því að hann starfaði sem sveitarstjóri fyrir vestan og vann ötullega að hagsmunum sveitarfélaganna þar. Pétur kemur inn á spennandi tímum enda hefur uppbyggingin í sveitarfélaginu verið gríðarleg síðustu ár og framtíðin hér er björt,“ segir Njörður Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar.

Hamar/Þór upp í Subway-deildina

Hamar/Þór tryggði sér deilameistaratilinn í 1. deild kvenna í körfubolta í síðustu viku þegar lið vann Ármann í lokaumferð Íslandsmótsins. Með sigrinum tryggðu þær sér jafnframt framiða í Subway-deildina á næsta tímabili þar sem

þær munu spila á meðal þeirra bestu.

Stelpurnar í Hamri/Þór eru búnar að vera á mikilli sveiflu undanfarnar vikur var leikurinn þeirra 10. sigurleikur í röð.

Atkvæðamestar í leiknum hjá Hamar/Þór voru Aniya Tho-

mas með 24 stig, Emma Hrönn Hákonardóttir með 20 stig, Jóhanna Ágústsdóttir með 18 stig og Hildur Gunnsteinsdóttir með 13 stig.

Til hamingju Hamar/Þór og sjáumst í Subway-deildinni!

BRV

Íslandsglíman haldin á Laugarvatni

Íslandsglíman 2024 fer fram í Íþróttahúsinu á Laugarvatni laugardaginn 13. apríl klukkan 13:00, þá í hundraðasta og þrettánda skipti. Í kvennaflokki er keppt um Freyjumenið en hlýtur sigurvegarinn sámdar-

heitið Glímudrottning Íslands. Í karlaflokki er keppt um Grettisbeltið, elsta verðlaunagrip á Íslandi, og hlýtur sigurvegarinn sámdarheitið Glímukóngur Íslands.



Njörður Sigurðsson, Pétur G. Markan og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir. Mynd: Hveragerðisbær.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Bjarg byggir leiguíbúðir við Lyngöldu

Framkvæmdir við 5 íbúða radhús við Lyngöldu 4 á Hellu eru í þann mund að hefjast og af því tilefni var skóflum stungið í jörð til að marka upphaf framkvæmdanna með formlegum hætti.

Bjarg íbúðafélag stendur fyrir byggingunni í samstarfi við Rangárþing ytra sem hefur fjárfest í verkefninu. SG hús á Selfossi munu sjá um framkvæmdina og stefnt er á að afhenda íbúðirnar í lok þessa árs.

Framlag Rangárþings ytra felst í 12% stofnframlagi sem greiðist með skuldajöfnun gjalda annars vegar og beinum fjármunum hins vegar en heildarupphæðin nemur tæpum 30 milljónum króna.

Á heimasíðu Bjargs kemur fram að: „Bjarg íbúðafélag er sjálfseignarstofnun rekin án

hagnaðarmarkmiða. Félaginu er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði, sem eru fullgildir félagsmenn aðildafélaga ASÍ eða BSRB, aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leigu-

heimili að norrænni fyrirmynd“. Sveitarfélagið fagnar framkvæmdinni enda er hún skref í átt að því að tryggja sem flestum öruggt íbúðarhúsnæði óháð efnahag og auka fjölbreytni á íbúðamarkaði svæðisins.



Fulltrúar Bjargs, SG húsa og Rangárþings ytra taka fyrstu skóflustungurnar að húsinu. Mynd: Rangárþing ytra.

Rangárþing ytra samþykkir lægri hækkun á gjaldskrá

Líkt og Rangárþing ytra tilkynnti um nýlega hefur sveitarstjórn sveitarfélagsins tekið fyrir áskorun Sambands íslenskra sveitarfélaga og tillögur ríkisstjórnarinnar vegna nýrra kjarasamninga og lýsti á síðasta fundi sínum vilja til að endurskoða gjaldskrárhækkunir 2024 til að koma til móts við forsendur nýrra kjarasamninga.

Á síðasta fundi Odda bs. var tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2024 tekin fyrir og eftirfarandi bókað:

„Lögð fram og rædd tillaga að breytingum á gjaldskrá Odda bs. fyrir árið 2024 í kjölfar kjarasamninga á almennum markaði og stefnuýfirlýsingar ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillaga að breytingu á gjaldskrá sem samþykkt var 1.

nóvember 2023 gerir ráð fyrir að fæðisgjöld hækki um 3,5% í stað 8%, dagvistargjöld í leikskóla hækki um 3,5% í stað 10% og gjöld fyrir skóladagheimili hækki um 3,5% í stað 9,8%. Lagt til að gjald fyrir hverjar 15

mín umfram 8 klst. vistun verði óbreytt frá upphaflegri gjaldskrá 2024.“

Tillagan var samþykkt samhljóða og taka breytingar á gjaldskránni gildi frá og með 1. júlí 2024.



Mynd: Rangárþing ytra.

Þjónustusamningur undirritaður við Karlakór Hveragerðis

Það voru hressilegar mót-tökur sem forsvarsmenn Hveragerðisbæjar fengu þegar nýr þjónustusamningur milli Hveragerðisbæjar og Karlakórs Hveragerðis var undirritaður á æfingu kórsins í vikunni. Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér að kórinn syngi við tvenna til þrenna viðburði á vegum Hveragerðisbæjar á ári næstu þrjú árin.

Sigurður Sæmundsson, formaður Karlakórs Hveragerðis, skrifaði undir fyrir hönd kórsins og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri og starfandi bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, skrifaði undir fyrir hönd bæjarins.

Pétur Markan, sem tekur við starfi bæjarstjóra Hveragerðis þann 1. maí nk., kynnti sig fyrir kórfélögum og Helga kynnti

innihald samningsins fyrir undirritun. Að undirskrift lokinni brustu kórfélagar í fjörunan söng undir stjórn og undirleik Örlýs kórstjóra. Formaðurinn bauð starfandi bæjarstjóra upp í dans til að innsigla samninginn

við mikla gleði viðstaddra.

Sannarlega ánægjuleg heim-sókn til Karlakórsins en hann er mikilvægur hlekkur í menningarlífinu í Hveragerðisbæ.

Hveragerðisbær



Sigurður Sæmundsson, formaður Karlakórs Hveragerðis, og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri og starfandi bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, undirrituðu samninginn. Á milli þeirra stendur nýr bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, Pétur G. Markan.

Sveitarfélagið Árborg

ÚTBOÐ



Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:
„Rauðholt 2024 - 2402347“

Verkið felur í sér að jarðvegsskipta götu, endurnýja fráveitu-, vatnsveitu-, hitaveitu-, ídráttarör, ljósastauralagnir og ljósa-staura. Verktaki skal einnig malbika götu, steypa kantsteina, malbika hjólastíg og gangstéttar. Verktaki skal undirbúa jarðveg fyrir tré og helluleggja skal rönd þar á milli. Einnig skal helluleggja hraðhindranir, gera niðurtektir með doppuhellum og leiðarlínuhellum fyrir gangandi umferð ásamt niðurtektum fyrir hjólastíg. Að lokum skal setja upp umferðamerki og massa umferðamerkingar.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	4700 m ³
Fylling	4180 m ³
Malbik	2520 m ³
Fráveita	517 m
Vatnsveita	246 m
Hitaveitulögn	385 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. október 2024.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/741966f7-d394-4498-b859-126323d8bb89>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn. Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 föstudaginn 19. apríl 2024**.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður þjóðendum sent opnaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

GRILL-DAGAR

Finndu rétta grillið fyrir sumarið

**SKANNADU
KODANN
OG SJADU
ÖLL TILBOÐIN**á www.byko.is/grillum-saman**PANTAÐU TÍMA**

PALLARÁÐGJÖF MEÐ SVANFRÍÐI

Svanfríður Hallgrímsson landslagsráðgjafi verður á Selfossi dagana **19. og 20. apríl** með pallaráðgjöf fyrir garðinn þinn. Eftir tímann færð þú senda hugmyndabók með þrívíddarteikningum af fullkomnu afdrepi í garðinum þínum

VERKFAERA-DAGAR

Ertu með réttu tækin fyrir sumarverkin?

**20-50%
AF RAFMAGNS-
OG HANDVERK-
FÆRUM***

á ekki við um garðverkfæri

**SKANNADU
KODANN
OG SJADU
ÖLL TILBOÐIN**á www.byko.is/verkfaeradagar

Gróskan í Hveragerði

Myndlistarfélag Árnassýslu var með sýningaropnun í Skyrgerðinni í Hveragerði síðastliðinn laugardag og var fjöldi fólks viðstatt opnunina. Sýningin er samsýning 16 listamanna í félaginu og yfir fjórutíu myndir eru á henni.

Sýningin ber heitið Gróskan og er heitið vísun í Hveragerði og náttúruna þar í kring. Málverkin á sýningunni endurspeglar þessa grósku í bæjarfélaginu, en á fjölbreyttan hátt. Á meðan sumir listamannanna heillast af hverum, fossum, blómum eða annarri falgri sýn sem náttúran býður upp á þá beina aðrir sjón-



um að horfnu húsi sem kallar fram minningar. Enn aðrir sýna okkur abstrakt verk þar sem hver gestur fær tækifæri til að tengja við það sem hugur þeirra kallar fram.

Gróskan er hluti af viðburðaröðinni Myndlist 40-4 sem

styrkt er af Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Sýningin verður opin fram til 2. júní á opnartíma Skyrgerðarinnar og því er upplagt að slá tvær flugur í einu höggi og kíkja á sýninguna og fá sér góðan mat á veitingastaðnum.



MÍMIR NEMENDAFÉLAG
MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
SÆBJÖRG ERLA GUNNARSDÓTTIR
OG ÍRIS DRÖFN RAFNSDÓTTIR

ÞEMAVIKA VIÐ MENNTASKÓLANN AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGARI!

Miðvikudaginn 3. apríl hófst nám aftur við Menntaskólann að Laugarvatni eftir langt og notalegt páskafrí. Í því tilefni var haldið upp á þemaviku. Á hverjum degi vikunnar mættu nemendur eftir réttu þema og kennarar fengu að sjálf-sögðu kost á að taka þátt. Á miðvikudeginum var bangsadaður, svo á fimtudeginum var svokallaður Anything but a backpack day eða allt nema skólatösku dagur. Þá eiga nemendur að mæta í skólann með námsgögnin sín undir hverju sem er nema skólatösku. Margir voru ansi frumlegir og var sem dæmi einn nemandi sem mætti með herðatré undir námsgögnin sín. Síðast en ekki síst var íþróttatreyjudagur á föstudeginum. Svo til að enda þemavikuna var haldið upp á árlegt þemaball. Að þessu sinni var þema ballsins Hawaii og mættu allir með blómakransana og kókosshneturnar. Hljómsveitin Koppafeiti steig á svið og héldu uppi stuði og stemmningu, og slógu þeir rækilega í gegn.

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
ritnefnarformaður, nemendafélagsins Mímír



Myndir: Íris Dröfn Rafnsdóttir, vef- og markaðsformaður, nemendafélagsins Mímír.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selþess, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Í golfi ekki góður sá,
gamalt nafn er töfu á.
Illt ef hann er orðinn laus, (m. greini)
einn í burt - og kinkar haus.

Svar við gátu í blaði 2746: **LÝÐUR/LÍÐUR**
1. Óþjófalýður - 2. Lýður, sérnafn
4. Líður áfram



Sunnlenski
matgæðingurinn



Júlíana Ármannsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil byrja á að þakka mágkonu minni Sigríði Ósk fyrir að skora á mig. Ég ætla að gefa ykkur uppskriftina að uppáhalds risottóinu mínu. En ítölsk matargerð er í sérstöku uppáhaldi hjá mér og mannum mínum. Njótið vel!

Risottó með rísa rækjum

Rækjur:
450 g risarækjur
Sjávarsalt
Nýmalaður svartur pipar
2 msk. ólífuoía
2 hvítlaugsgeirar eða eftir smekk, fínt saxaðir
1 ferskur chilli
50 g af köldu íslensku smjöri
1 msk. fersk steinselja

Risottó:

Sjávarsalt
Nýmalaður svartur pipar
1 tsk. Worcestershire-sósa
1 tsk. chilli flögur eða eftir smekk
Nokkrir saffran þræðir eða eftir smekk
2 lítrar humarsoð
2 msk. ólífuoía
1 skallottulaukur, fínt saxaður
2 hvítlaugsgeirar eða eftir smekk, fínt saxaðir
2 bollar risottohrísgrjón
120 ml hvítvín
50 g af köldu íslensku smjöri
1 og 1/2 bolli rifinn parmesan ostur eða eftir smekk
1 bolli fínt söxuð steinselja

Hreinsið rækjurnar og þerrið. Setjið til hliðar. Hitið soðið upp í potti á lágum hita.

Setjið saffran þræðina í litla skál með 2 msk af heitu vatni.

Í öðrum potti – helst nokkuð breiðum og ekki verra ef hann er úr steypujárni, hita ólífuoíu á lágum hita. Bætið við lauknum og 2 hvítlaugsgeirum og steikið uns mjúkt eða í 2-3 mínútur. Þá er worchestersire sósu skvett út á og 1 tsk af chilliflögum.

Bætið þá hrísgrjónunum við og hrærið vel saman og passið að hrísgrjónin blandist vel við lóuna og laukinn. Eldið þannig í 1-2 mínútur. Bætið þá hvítvíninu saman við og rennið sleifinni reglulega eftir botninum uns allur vökvinn hefur gufað upp.

Ausið heitu humarsoðinu rólega yfir grjónin og hrærið reglulega. Bíðið með að setja

Ég ætla að skora á Júlíu Káradóttur stórvinkonu mína en hún er snillingur í eldhúsinu. Hún kann að töfra fram ilmandi og gómsæta rétti sem fá engan svikið.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Júlíana Ármannsdóttir.

næstu ausu fyrr en grjónin hafa drukkið í sig þá fyrri. Þessi aðferð er mjög mikilvæg til að tryggja að grjónin losi sig við sterkjuna og úr verði dásamlega sósa þannig að takið því rólega í þessu skrefi og vandið ykkur. Ef vökvinn hverfur of hratt eða grjónin sjóða um of skal lækka hitann þannig að suðan haldist í lágmarki. Þegar soðið er ca hálfnað þá skal bæta saffraninu ásamt vatninu við.

Þetta ætti að taka ykkur ca 20 mínútur í heildina. Þið getið byrjað að smakka grjónin til eftir 13 mínútur eða svo til að sjá hvernig grjónin eru að eldast. Risottóið er tilbúið þegar grjónin hafa enn smá bit og rétturinn minnir helst á þykkann graut.

Þegar risottóið er tilbúið skal slökkva undir því og bæta út í köldu smjöri í teningum og hræra þar til bráðið.


Parmesan-ostinum er þá bætt við og um hálfum bolla af ferskri steinselju. Smakkið til og saltið og piprið eftir smekk.

Á síðustu fimm mínútum skal steikja rækjurnar.

Mýkja skal 2 geira af hvítlauk eða eftir smekk og ferskan chilli á pönnu með góðri ólífuoíu. Því meiri hvítlauk því betra segi ég! Hækkið hitan og hendið rækjunum út á, salta og pipra eftir smekk, Rækjurnar eru steiktar þar til þær eru bleikar og eldaðar í gegn. Þá er hent út á góðri matskeið af ferskri steinselju og og 50 gr af íslensku smjöri.

Berið strax fram með því að setja risottóið í skálar og raðið rækjunum ofan á. Sáldrið afgangnum af steinseljunni yfir. Gott er líka að rífa parmesan yfir risottóið.

ÓDÝRSTA ELDSNEYTIÐ OKKAR Á SELFOSSI



AO
ATLANTSOLÍA



Sjónmælingar alla virka daga.
Tímappantanir á noona eða síma 482-1144

GLERAUGNA GALLERÍ
EYRAVEGUR 7, SELFOSS
www.gleraugnagalleri.is
Sími: 482-1144

Minningar- og styrktartónleikar Bjarka Gyfasonar og fjölskyldu

Þann 17. apríl næstkomandi kl. 19:00 verða haldnir minningar- og styrktartónleikar á Sviðinu á Selfossi fyrir Bjarka Gyfasonar heitinn og fjölskyldu. Bjarki fæddist árið 1988 á Selfossi og var uppalinn á Stokkseyri. Hann greindist með 4. stigs ristilkrabbamein undir lok árs 2022 eftir að hafa glímt við alvarlega sáraristilbólgu í 17 ár. Bjarki lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldu sinnar þann 20. mars síðastliðinn eftir hetjulega baráttu, en hann skilur eftir sig eiginkonu, Guðrúnu Ástu Ólafsdóttur, og 2 börn, þau Heiðrúnu Bjarkadóttur, 10 ára, og Ólaf Þór Bjarkason, 8 ára.

Bjarki var uppalinn á Stokkseyri, lagði stund á nám við Fjölbrotaskóla Suðurlands á sínum tíma og spilaði körfubolta með uppeldisfélagi sínu, Þór Þorlákshöfn, um langa hríð og Álftanesi frá árinu 2022. Hann stundaði veifar og naut sín mikið í útivist og ævintýrum ýmisskonar, var vinamargur og þeir sem þekktu til hans hafa lýst honum sem einstaklega lífsglöðum, vini vinnu sinna og frábærum liðsfélaga sem lét ekkert stoppa sig í að lifa lífinu til fulls alla tíð.

Vegna alvarlegra veikinda frá ungum aldri var Bjarka ekki mögulegt að tryggja sig fyrir alvarlegum áföllum sem þessum. Söfnun var komið af stað fyrir fjölskylduna á lokastigum veikinda Bjarka og til að vekja frekari athygli á henni og sýna fjölskyldunni samhug og stuðning í verki, samhliða því að fagna minningu



Bjarka, verða umræddir minningar- og styrktartónleikar haldnir þann 17. apríl næstkomandi og mun allur ágóði renna til fjölskyldunnar sem stendur frammi fyrir breyttum veruleika eftir atburði undanfarinna missera.

Allir sem koma að tónleikunum gefa vinnu sína, ekki einungis þeir listamenn sem koma fram heldur m.a. einnig þeim sem standa að Sviðinu, db Entertainment sem sjá um tæknimálin, Ölgerðin sem gefur rausnarlegar veigar í veitingasölu og Tilefni. is sem sjá um skreytingar. Eftirtaldir koma fram á tónleikunum ásamt frábæru úrvali hljóðfæraleikara:

Diljá Pétursdóttir, Júlía Heiðar, Guðrún Árný, Gunní Óla, Þórir Geir, Fríða Hansen, Hara systur ásamt Arnari Mammút og Einsa made in sveitin, Dúett - Opera Comedy, Sædis Lind, Anna Mar-

ía, Dagný Sif og Heiðrún Bjarkadóttir.

Til viðbótar tónleikunum munu Þór Þorlákshöfn og Álftanes efna til vináttuleikjar til styrktar fjölskyldunni í maí næstkomandi.

Fjölskyldan og aðrir aðstandendur Bjarka og fjölskyldu hans eru afar þakklát óeigingjörnu framlagi þeirra sem koma að tónleikunum og þeirra sem hafa séð sér fært að styrkja þau með ýmsum hætti í gegnum þessa erfiðu tíma.

Miðasala á tónleikana fer fram á svidid.is og fer vel af stað.

Söfnunarreikningurinn hér að neðan er á nafni Guðrúnar Ástu, eiginkonu Bjarka, og er tekið þar við frjálsum framlögum:

Reiknissnr. 0370-26-048318
Kt. 080390-2039
Aur: 868-1930

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar í bæjarstjórn Ölfuss þann 4. apríl sl. Tillögurnar höfðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Akurholt DSK

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Akurholt. Skipulagið nær til alls lands Akurholts, sem er 106 ha. að stærð. Deiliskipulagið inniheldur tvo reiti fyrir íbúðabyggð þar sem staðsettar verða 25 íbúða lóðir á hvorum fyrir sig eða samtals 50 lóðir fyrir íbúðahúsnæði; frístundabyggð með 17 frístundalóðum; 3 lóðarlóðir og að lokum 17 verslunar og þjónustulóðir.

Reykjabraut 2 DSK

Deiliskipulag þetta nær yfir lóðina Reykjabraut 2 á Þorlákshöfn. Um er að ræða fyrrum „pósthúslóð“, þar sem stendur gamalt 2 hæða hús með atvinnurými á götuhæð og íbúð á efri hæð. Lóð þessi er mjög stór og er hér sótt um að byggja hús bæði norðan og sunnan við núverandi byggingu. Í aðalskipulagi Ölfus er svæðið skilgreint sem svæði fyrir íbúðarbyggð, ÍB1, byggðir með þéttleika upp á 12 íb/ha.

Gljúfurárholt 23 og 24 breytt DSK

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi fyrir Gljúfurárholt 23 og 24. Í tillögunni er gert ráð fyrir að fjölga byggingarreitum og að Gljúfurárholti 23 verði skipt um. Þá er fyrirhugað að reisa megi smáhýsi til bændagistingar.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 23. maí 2024. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 23. maí 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Áin Blíða

Sl. mánudag fengum við sendingu frá metnaðarfullum nemanda við Fjölbrotaskóla Suðurlands sem hafði valið sér það verkefni að semja ljóð í landafræði sem fer hér á eftir.

Áin var eitt sin glöð og tær
Áin var mér nær og kær
Áin góða steig um á skónum bláu
Áin var skjólið hjá fiskunum smáu

Ánni var byrjað af mennsku valdi
Í holræsum djúpum skólpið dvaldi
Er mennirnir ákvöðu að drepa úr dróma
Leysa úr læðingi, skólpið eintóma

Ánni varð meinillt, byrjaði að blæða
Fitu, skólpi og rusli sér stæða
Áin lá veik, traustið var rofið
Ást, alúð og líf hennar dofið

SGG



Margrét Hauksdóttir, eiginkona Guðna, Fjóra St. Kristinsdóttir og Guðni Ágústsson.

Guðni Ágústsson miðborgarstjóri 75 ára

Fyrrum alþingismaður og landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson fagnaði 75 ára afmæli sínu þann 9. apríl sl. Guðni bauð í kaffisamsæti að morgni afmælisdagsins á Konungskaffi í miðbæ Selfoss þar sem Öldungaráðið svokallaða, sem Guðni tilheyrir, kom saman ásamt fleiri góðum gestum. Fjóra St. Kristinsdóttir, bæjarstjóri í Árborg sagði Guðna hafa kallað hana Árborgarstjóra frá því að hún tók við bæjarstjóratitlinum, og í kjölfarið hafi hún ákveðið að kalla hann miðborgarstjóra, verandi mikilvægur samfélagsþegn og íbúi í miðbænum. Fjóra afhenti Guðna að gjöf, útskorinn skjöld með brjóstmynd af honum sjálfum, afmæliskeðju og þökkum fyrir óeigingjart starf í þágu samfélagsins.

HGL

Nær Kia Sorento.

Frumsýning laugardag kl. 12-16



Movement that inspires

Gott er mi er nauðsynlegt, bæði fyrir hversdaginn og ferðalög. Nær Kia Sorento er þannig sniðinn fyrir slenskan lfsstí, enda sjáseta, með gott geymslupláss, 2.500 kg dráttargetu, 12,3" margmiðlunarskjól og fyrsta flokks sláunarsæti.

EKKI MISSA AF FRUMSÝNINGU ÞESSUM MAGNAÐA JEPPA. Komdu við Hásmári 3 kl. 12-16 og reynsluaktu.

Við tókum vel mál þetta.

BÍLASALA
SELFOSS

Bílasala Selfoss - Hásmári 3, 800 Selfoss - Sími 480 4000 - bilasala@selfoss.is
Sýnað í Kia Íslandi.



Verð frá
10.290.777 kr.



Nær um nýjan
Kia Sorento



*Forsendur bygðar eru reglulegt þj. nustueftrilt sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um bygðina www.kia.com/abyrgd

SUMARSTARF Á KELDUM Á RANGÁRVÖLLUM



Þjóðminjasafn Íslands óskar eftir að ráða starfsmann til að annast gæslu og móttöku ferðamanna í gamla bænum á Keldum á Rangárvöllum. Bærinn verður opin daglega frá 1. júní til 31. ágúst 2024 frá kl. 10:00 til 17:00. Tveir starfsmenn sinna sumarstörfum á Keldum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Framúrskarandi gestgjafi
- Þjónusta við ferðamenn
- Leiðsögn og veita upplýsingar um bæinn
- Hirða að lóð næst bænum
- Slá og vökva þekjur á bænum
- Sinna þrifum inni í bænum og þjónustuhúsi ferðamanna

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund, sjálfstæð vinnubrögð, dugnaður og snyrtimennska eru skilyrði
- Hæfni til að koma fram og fara með leiðsagnir skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og eiga auðvelt með að miðla upplýsingum er skilyrði
- Tala og rita íslensku og ensku er skilyrði
- Þekking á fleiri tungumálum mikill kostur
- Góð og farsæl reynsla af þjónustustörfum mikill kostur
- Áhugi á sögu og menningararfi er kostur

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og bíl til umráða en lagt er til húsnæði á staðnum ef þarf. Starfshlutfall er 100% og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki hafa gert.

Starfið hentar öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um enda er við ráðningar í störf hjá safninu tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl n.k. Umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá með greinargóðum upplýsingum um störf umsækjenda og menntun ásamt nöfnum a.m.k. tveggja umsagnaraðila. Umsókn skal senda á netfangið: ingibjorg.edvaldsdottir@thjodminjasafn.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir framkvæmdastjóra þjónustusvið í síma: 530-2200, netfang: kristin.yr.hrafnkelsdottir@thjodminjasafn.is eða Ingibjörgu Eðvaldsdóttur mannauðsstjóra í síma 530-2200, netfang: ingibjorg.edvaldsdottir@thjodminjasafn.is

www.thjodminjasafn.is thjodminjasafn@thjodminjasafn.is



46. Flóahlaupið 2024

Flóahlaupið verður haldið laugardaginn 13. apríl við Félagslund. Ræst verður kl. 13.00. Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi. Skráning fer fram á hlaup.is en félagsmenn í Umf. Þjótanda sem greitt hafa árgjald þurfa ekki að borga þáttökgjaldið og eiga þar að leiðandi að skrá sig á staðnum- mæta þá tímalega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir keppendur í Félagslund eftir hlaupið. Einnig geta aðrir notið þess gegn vægu gjaldi. ENGINN posi á staðnum. Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.

Stjórnin




Tillögur að hönnun útisvæðis Reykholtslaugar


Stjórn Bláskógabyggðar hefur skipað vinnuhóp vegna hönnunar og endurnýjunar sundlaugarinnar í Reykholti. Vinnuhópurinn skipa Anna Greta Ólafsdóttir, Guðrún S. Magnúsdóttir og Helgi Kjartansson. Sundlaugin í Reykholti var vígð árið 1976 og er því komin til ára sinna og er farin að láta verulega á sjá. Fyrir nokkrum árum var hafin undirbúningsvinna við endurnýjun laugarinnar ásamt búnings- og sturtuklefum. Þeirri vinnu lauk með endurnýjun á búnings- og sturtuklefum og vaktrými.

Hér fyrir neðan eru tvær tillögur sem vinnuhópurinn vill kynna fyrir íbúum og fá viðbrögð við. Vinnuhópurinn hvetur íbúa til að skoða þessar tillögur mjög vel og koma með ábendingar. Ábendingar og viðbrögð berist á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.

Vinnuhópurinn var með opið hús í gær, miðvikudaginn 10. apríl, þar sem hægt var að rýna í tillögurnar með vinnuhópnum og koma fram með ábendingar.



Tillaga 1.



Tillaga 2.

Íþróttamiðstöðin Borg

Við leitum að þjónustulunduðu fólki í **sumarstarf** frá 1. júní til 18. ágúst. (Lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálpar og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.
- Vaktavinna 2-3-2: unnið í 15 daga – frí í 15 daga

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Stundvís og samviskusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálpar og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum

Upplýsingar fást á hansi@gogg.is eða í síma 867-9792

ART teymi Suðurlands óskar eftir ráðgjafa

Ert þú að leita að áhugaverðu og gefandi starfi?

ART teymi Suðurlands veitir fjölskyldum barna með hegðunar- og/eða tilfinningavanda stuðning og ráðgjöf í formi Fjölskyldu ART. Auk þess veitir teymið foreldrum og börnum einstaklingsráðgjöf og þjálfun. ART teymið vinnur náið með skólum barnanna.

Teymið stendur fyrir ART réttindanámskeiðum um land allt fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla auk annarra stofnana.

Hæfniskröfur

- háskólamenntun sem nýtist í starfi
- ART þjálfara réttindi æskileg
- reynsla af ráðgjöf og/eða meðferðarstarfi er kostur
- framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- góð færni í að tjá sig í ræðu og riti
- sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- jákvæðni og ábyrgð

Helstu verkefni

- hópstjórn í Fjölskyldu ART
- ráðgjöf til foreldra barna með hegðunar- og/eða tilfinningavanda
- ART þjálfun
- samvinna við skóla og velferðarþjónustu í anda laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- námskeiðahald
- þátttaka í þróun verkefnisins

Vinnusvæði teymisins er frá Hellisheiði í vestri að Lómagnúpi í austri en starfsstöð þess er á Selfossi. Nánari upplýsingar um ART má finna á heimasíðu ART teymisins www.isart.is.

Frekari upplýsingar veitir **Katrín Þrastardóttir verkefnastjóri**

í síma 480-8200 eða á katrin@isart.is

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd. Tekið er við umsóknum í gegnum www.alfred.is til og með 21. apríl 2024.

Leyndarmálum olíumálunar uppljóstrað á vinnustofunámskeiðum

Guðrún Arndís Tryggvadóttir myndlistarmaður hefur búið á Selfossi um tíu ára skeið. Hún er fædd í Reykjavík en dvaldi lengi erlendis við nám og störf. Suðurland hefur sterk tök á henni enda á hún hingað ættir að rekja og hefur m.a. kafað í sögu forföður síns Ámunda Jónssonar, listamanns og smíðs sem var einn helsti listamaður og kirkjusmiður átjándu aldar á Suðurlandi og gert bæði málverk, sýningar og bók um lífsverk hans.

Á síðasta ári gaf Guðrún verk sitt Kafarann til sveitarfélagsins Árborgar og síðan er stöðug sýning á verki hennar Kafaranum í Sundhöll Selfoss.

Um þessar mundir standa yfir sýningar á málverkum Guðrúnar, bæði í Sundlaug Hafnar í Hornafirði og í nýju þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökulsþjóðgarðar á Hellissandi.

Guðrún bjó um tíma í Hveragerði og var þá formaður Listvinafélagsins í Hveragerði og hannaði m.a. stöðuga sýningu um skáldin í Lystigarðinum í Hveragerði. Sýningin er í formi stórra glerveggja sem standa víða

í garðinum en falla vel inn í umhverfið vegna gagnsæisins. Hún vann einnig við upphengingar sýninga á Listasafni Árnesinga og hélt þar listnámskeið um árabíl auk þess að taka þátt í sýningum á safninu.

Guðrún hefur nú skipulagt faglegar vinnustofur, helgarnámskeið fyrir litla hópa, sem haldin verða í vinnustofu hennar á Selfossi nú í apríl. Áherslan er á olíumálun, bæði fyrir byrjendur sem lengra komna. Námskeiðin verða í anda Masterclass

námskeiða þar sem fræðilegri og verklegri reynslu Guðrúnar í baráttu við olíumálverkið verður veitt áfram en olíutækni hefur verið hennar aðalþjáningarmiðill allan hennar feril.

Aðeins sex þátttakendur geta tekið þátt á hverju námskeiði en Guðrún veitir nánari upplýsingar í gegnum netfangið gudrun@tryggvadottir.com eða í síma 8635490. Á vef hennar tryggvadottir.com má sjá upplýsingar um feril hennar og skoða verkin hennar.



Guðrún við olíumálverk sitt Umbreytingu, sem nú er til sýnis í Sundhöll Hafnar í Hornafirði.



Karlakór Hreppamanna Vortónleikar 2024



Á efnisskrá karlakórsperlur ásamt lögum og textum
Braga Valdimars Skúlasonar

Stjórnandi: Atli Guðlaugsson

Píanóleikari: Sigurður Helgi

Fiðlu- banjó- og gítarleikari: Matthías Stefánsson

Einsöngur: Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason

Hveragerðiskirkju 13. apríl kl. 16:00

Guðríðarkirkju 19. apríl kl. 20:00

Félagsheimilinu á Flúðum 20. apríl kl. 20:00

Aðgangseyrir kr. 4.000,-

Verið hjartanlega velkomin

Aðalfundur

Aðalfundur Skógræktarfélag Selfoss er miðvikudaginn 17. apríl 2024 kl. 20:00 í skemmumni á Snæfoksstöðum.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kynning á starfsemi Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum.

Allir eru velkomnir



Laugalandsskóli í Holtum auglýsir eftirfarandi stöður við skólann lausar til umsóknar fyrir skólaárið 2024-2025.



Umsjónarkennarar í 100% stöðu. Íþróttakennara í 100% stöðu. Proskapjálfa, iðjupjálfa eða kennara í 70-100% stöðu í stoðteymi skólans.

Viðkomandi þarf að vera skapandi í starfi og hafa áhuga á að þróa í samvinnu við starfsfólk framsækið og faglegt starf með áherslu á fjölbreyttar námsnálganir. Í Laugalandsskóla stunda um 100 nemendur nám. Einkunnarorð skólans eru *samvinna, traust og vellíðan í leik og starfi* og lögð er áhersla á sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð nemenda með sérstaka áherslu á félagsþroska í góðri samvinnu við foreldra.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf kennara eða sambærileg menntun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Góð íslenskukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins og viðkomandi stéttarfélag. Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri í síma 8699010.

Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl og skal senda umsóknir ásamt starfsferilsskrá í tölvupósti á netfang skólastjóra; jonas@laugaland.is



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnréttingum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELOpin fimmtudaginn
11. apríl kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 11. apríl kl. 14:45.
„Syngjandi sex“
Sönglaðar vinkonur á Selfossi.Fim. 18. apríl kl. 14:45.
Ísólfur Gylfi Pálmason
slær á léttu strengi.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL SÖLU



Kerra til sölu

Létt og meðfærlig kerra til sölu.
Ónotuð. Burðargeta 505 kg.
Heildarþyngd 750 kg. Ekki
skráningarskylda. Lengd 265 cm
og breidd 132 cm. Uppl. í síma
6114923.

KIRKJA

Selfosskirkja

Fermingarmessa kl. 11:00.
Sunnudagaskóli á Baðstofuloftinu
á sama tíma, umsjón Sjöfn
og Katrín.Bænastundir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudag kl. 9:15.

Hrepphóla kirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 14.
apríl kl. 11. Félagar úr kirkju-
kórnum syngja undir stjórn
Eyrúnar Jónasdóttur, organista.
Verið öll hjartanlega velkomin.

Þorláksskirkja

Þorláksskirkja plockmessa -
umhverfismessa kl. 11:00.
Stundin hefst með stuttri helgi-
stund og síðan verður farið út og
rusl tint í nágrenni kirkjunnar.
Boðið verður upp á grillaðar
pýlsur og safu að verki loknu.
Hjálpumst að við að fegra
umhverfið okkar. Verum öll vel-
komin ekki síst yngri kynslóðir.

Skálholtsdómkirkja

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
Umsjón Bergþóra Ragnaarsdóttir
djáknakandidat og sr. Axel Á
Njarðvík. Organisti Jón Bjarna-
son. Verið hjartanlega velkomin.Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40BSunnudagar: Samkoma, sunnu-
dagaskóli og kaffiveitingar kl.
11:00. English translation avail-
able. Mánudagar: Bæn og
lestur kl. 17. Miðvikudagar:
Unglingasamkomur fyrir 13 ára
og eldri kl. 20. Allir innilega vel-
komnir. www.selfossgospel.is

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsnið breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuudhari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.Bókanir á heilsulindheidars@
simnet.is eða í síma 898 1501
(SMS)

Heiðar Ragnarsson

Öruggur sigur
hjá Hamri og
viðurkenn-
ingar veittarBíkar- og deildarmeistarar
Hamars í blaki karla unnu
öruggan sigur á Stál-Úlfi í fyrsta
leik liðanna í 8-liða úrslitum
Unbroken-deildarinnar mið-
vikudaginn 3. apríl.Hamarsmenn mættu ákveðnir
til leiks og var sigur þeirra aldrei
í hættu. Hrinurnar fóru 25-10,
25-11 og 25-19 og öruggur 3-0
sigur.Hamarsmenn fengu deildar-
meistarabikarinn afhentan í lok
leiks auk þess sem Hamarsmenn
í liði ársins fengu sínar viður-
kenningar.Hamarsmenn í liði ársins
voru eftirfarandi:Damian Sapor: Uppspilari
Austris Bukovskis: Frelsingi
Tomek Leik: Kantur og besti
erlendi leikmaður
Hafsteinn Valdimarsson: MiðjaAuk þess tóku Valdimar Haf-
steinnsson og Bryndís Sigurðar-
dóttir við viðurkenningu fyrir
hönd Hamars fyrir bestu um-
gjörðina í Unbroken-deildinni í
vetur.Valdimar Hafsteinnsson og Bryndís Sigurðardóttir taka við viðurkenningunni
fyrir hönd Hamars. Mynd: Hamar

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi að Eyravegi 15, laugardag-
inn 13. apríl milli kl. 11-12. Gestur
verður Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
og mun hún tala um málefni sveita-
félaga. Minnum á spilakvöldin á
mánudögum, kl. 19:30.

Íbúafundur í Þorlákshöfn

Heidelberg Materials býður til íbúafundar í Versölum, Þorlákshöfn, klukkan 20 í kvöld.

Á fundinum verður fyrirhuguð móbergsvinnsla félagsins við Þorlákshöfn kynnt, en stefnt er á að boðið verði til annars fundar síðar í vor, þar sem endanleg drög að verkefni-

inu verði kynnt í aðdraganda íbúakosningar sem fram fer samhliða forsetakosningum í júní.

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins og talsmaður Heidelberg Materials á Íslandi stýrir fundinum.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Kílhraunsvegur 1-56; Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2311027

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er varðar Kílhraunsveg 1-56. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins breytist úr frístundabyggð í íbúðabyggð.

2. Kílhraunsvegur 1-56; Frístundabyggð í íbúðabyggð; Deiliskipulagsbreyting - 2403054

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl 2024 að kynna tillögu deiliskipulagsbreytingar er varðar Kílhraunsveg 1-56. Í breytingunni felst að frístundabyggð er breytt í íbúðabyggð. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi.

3. Grímsskjól L236179; Stofnun smábýlalóða og landskipti; Deiliskipulag - 2403039

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. apríl 2024 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landskikans Grímsskjól L236179 úr landi Hallanda í Flóahreppi. Svæðið skiptist í tvo hluta um Engjalæk sem þverar skikann. Á syðri skikanum eru afmarkaðar sex smábýlalóðir þar sem heimilt verður að stofna lögbyli, byggja upp bæjarortur og stunda hvern þann búskap sem heimilt er á landbúnaðarlandi samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt samþykkt framkvæmdaleyfis.

4. Klausturhólar gjallnámur L168965; Efnistaka Seyðishólum, náma E24; Framkvæmdaleyfi - 2302043

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2024 grenndarkynningu útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku úr námu E24, Seyðishólum. Fyrirhugað er að taka 500.000 m³ af efni úr námunni á næstu 15 árum eða um 33.000 m³ á ári. Stærð námusvæðisins er 3,5 ha í dag og er áætlað að raskað svæði verði við áframhaldandi efnistöku í heild 4,4 ha. Málið hefur verið sent út til grenndarkynningar með athugasemdafrest til 8. maí 2024. Gögn og efni kynningarinnar má nálgast á skipulagsgátt skipulagsstofnunar undir máli nr. 404/2024. Það tilkynnist hér með.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og breytinga:

5. Bergsstaðir L189399; Íbúðarhús, gestahús, 3 smáhýsi og skemma; Deiliskipulag - 2403100

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags er varðar land Bergsstaða L189399 í Bláskógabyggð. Landið er skráð 18,6 ha í landeignaskrá HMS. Deiliskipulagið heimilar byggingu á íbúðarhúsi, gestahúsi og þremur gestahúsum fyrir ferðapjónustu og útihús/skemmu. Skipulagið nær til alls landsins og aðkomu að því frá Einhóltsvegi (nr. 358). Landið er óbyggt.

6. Holtabyggð 101-109; Frístundabyggð Syðra-Langholt IV; Deiliskipulagsbreyting - 2403062

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Holtabyggðar í landi Syðra-Langholt IV. Í breytingunni felst að í stað nýtingarhlutfalls lóðar að 0,03 er skilgreint hámarksbyggingarmagn allt að 170 fm. Auk þess er gert ráð fyrir að hús megi vera á tveim hæðum eða á einni hæð með svefnlofti. Samkvæmt umsókn telst breytingin í takt við núverandi byggð svæðisins.

7. Laxárdalur 2 L166575; Athafnasvæði svínabús; Deiliskipulag - 2403046

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til athafnasvæðis svínabúsins í Laxárdal 2 L166575 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Uppbygging svínabúsins í Laxárdal 2 hefur staðið yfir síðan árið 1979. Innan skipulagsmarka hér er að finna öll þau mannvirki Laxárdals 2 sem tilheyra búrekstrinum. Íbúðarhús eigenda búsins eru utan skipulags (Laxárdalur 2C og Laxárdalur 2B). Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um starfsemi búsins og skilmála um framtíðaruppbyggingu. Skilmálar deiliskipulagsins heimila búrekstur sem telur 260 stæði fyrir gyltur og 1.990 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg.

8. Þjóðveldisbær L178332; Afmörkun lóða og byggingarreitur þjónustuhúss; Deiliskipulag - 2403041

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til áningarstaðar fyrir ferðafólk við Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal. Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Innan skipulagsins eru afmarkaðar tvær lóðir og byggingarreitur fyrir þjónustuhús. Skipulagssvæðið er um 6,7 hektarar að stærð og er innan þess gert ráð fyrir nýrri aðkomu.

9. Suðurkot L168285; Frístundahús; Deiliskipulag - 2403047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til afmörkunar byggingarerits fyrir uppbyggingu frístundahúss innan jarðar Suðurkots L168258. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir frístundahúsi á einni hæð ásamt gestahúsi/geymslu.

10. Lækjarholt 3 L231163; Byggingarreitur gistihúsa og nafnabreyting lóðar; Deiliskipulagsbreyting - 2403040

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Lækjarholts 1 og 2. Í breytingunni felst uppfærsla á staðföngum auk þess sem skilgreindir eru byggingarreitur fyrir 7 gistihúsi í landi Lækjarholts 4.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is, https://www.floahreppur.is/, https://www.gogg.is/, https://www.fludir.is/ og https://www.skeidgnup.is/

Mál 1-3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 11. apríl 2024 með athugasemdafresti til og með 3. maí 2024.

Mál 4 innan auglýsingar er tilkynning um mál sem er í grenndarkynningu. Athugasemdafrestur við kynninguna er til 8. maí 2024.

Mál 5 - 10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 11. apríl 2024 með athugasemdafrest til og með 24. maí 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Manúela Maggý fulltrúi Suðurlands í Upptaktinum 2024

Eitt af áhersluverkefnum Söknaaráætlunar Suðurlands 2024 er þátttaka sunnlenskra barna í Upptaktinum.

Upptakturinn er árviss viðburður á vegum Hörpu sem nú er haldinn í tólfta sinn. Með Upptaktinum eru ungmenni í 5. – 10. bekk hvött til að semja tónlist og þau sem komast áfram taka þátt í tónlistarsmiðju með nemendum skapandi tónlistarmiðlunar við Listaháskóla Íslands, auk þess að vinna að útsetningum undir leiðsögn nemenda Tónsmíðadeildar. Markmið Upptaksins er að stuðla að tónsköpun, fullvinnslu hugmynda með fagfólki í gegnum vinnusmiðjur og fá svo tækifæri að upplifa tónverkið vakna til lífsins á sviði með flutningi fagfólks á tónleikum í Hörpu.

Lokahnykkur Upptaksins er svo flutningur verkanna á

opnunarhátíð Barnamenningar í Reykjavík þann 24. apríl nk. Nánar á heimasíðu Upptaksins.

Fulltrúi Suðurlands

Hin 14 ára Manúela Maggý Friðjónsdóttir Morthens Heal, nemandi í Tónlistarskóla Rangæinga og Grunnskólans á Hellu, hlaut náð dómnefndar Upptaksins og er eini fulltrúi Suðurlands í ár.

Manúela Maggý heyrði af Upptaktinum í skólanum, þar sem kennarar hvöttu hana til að senda inn tónverk. Hún er fjölhæf tónlistarkona og skapar alls konar tónlist. Manúela Maggý sendi inn hljóðupptöku af tónverki í Upptaktinn en reglurnar kveða á um að frjálst sé að senda tónsmíðina í hvaða formi sem er og því ekki nauðsynlegt að kunna að lesa nótur eða spila á hljóðfæri.

Hún kveðst hafa verið afar



Manúela Maggý Friðjónsdóttir Morthens Heal. Mynd: Aðsend.

stolt, glöð og spennt þegar hún fékk fréttirnar um þátttöku. Hópurinn sem komst áfram hefur nú þegar hist og unnið saman í tónlistartengdum verkefnum ásamt að hitta tónskáld og nokkuð ljóst að spennandi tímar eru framundan hjá henni.

Upptakturinn er einstakt tækifæri fyrir ung tónskáld að skapa eigin tónlist og fá hana flutta á tónleikum í Hörpu með fagfólki í tónlist. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska Manúelu Maggý innilega til hamingju með árangurinn og hlakka til að heyra lokaafurðina.

SASS



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Sími: 760-5670
pulsinn@pulsinn.com

- Kæli & Frystikerfi**
- Viðgerðir
 - Þjónusta
 - Nýsmíði
 - Rafmagn

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Helliðsmýri 14 - 800 Selfossi

Sumarbúðirnar ÁSTJÖRN

Sumarbúðir fyrir 6-12 og 13-15 ára í náttúruperlu á Norð-Austurlandi!
Verð um 10 þús. kr. á sólarhring. Systkinaafsláttur astjorn.is - 4623980
facebook.com/astjorn
instagram - youtube

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

prentmet **ÞODDI**
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HSH

þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792.1727 eða
hshflutningar@gmail.com

BRACN AF
VINÁTTU!

BYKO Selfossi

ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun

okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstaði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is